



12. nóvember 2021

Tilv.: 2111025

Dreifibréf númer: 64/2021

til váttryggingafélaga, váttryggingamiðlara og Samtaka fjármálafyrirtækja

Efni: Drög að reglum um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals vegna skaðatrygginga.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) hefur gefið út umræðuskjal nr. 18/2021 sem inniheldur drög að reglum sem innleiða framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/1469 frá 11. ágúst 2017, um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals um váttryggingarafurð. Reglurnar verða settar með stoð í 4. mgr. 10. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga.

Í 1. mgr. 10. gr. laga nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga, er vísað til skyldu dreifingaraðila, við dreifingu skaðatrygginga, til að veita staðlaðar upplýsingar á sérstöku skjali á pappír eða öðrum varanlegum miðli vegna allra skaðatrygginga. Í 2. og 3. mgr. sömu greinar er mælt fyrir um tilteknar formkröfur og upplýsingar sem staðlað upplýsingaskjal skuli uppfylla og innihalda.

Reglugerð (ESB) 2017/1469 er til fyllingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2016/97/EB um dreifingu váttrygginga (IDD), sem innleidd var í lög nr. 62/2019, um dreifingu váttrygginga og lög nr. 30/2004, um váttryggingarsamninga. Í henni er mælt fyrir um staðlað form fyrir framsetningu upplýsingaskjals er varðar skaðatryggingarafurðir.

Með dreifibréfi þessu gefur Fjármálaeftirlitið viðtakendum kost á að koma á framfæri athugasemdum við drögin. Skjölin eru birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands:


Óskað er eftir að athugasemdir umsagnaraðila við meðfylgjandi umræðuskjal berist eigi síðar en 19. nóvember nk. Óskað er eftir að umsagnir séu ritaðar á þar til gert umsagnareyðublað sem finna má á vefsíðu Seðlabanka Íslands, sbr. nánari skýringar í umræðuskjali. Umsagnareyðublaðið skal sent á tölvupóstfangið skjalasafn@sedlabanki.is.


CENTRAL BANK OF ICELAND

Kalkofnsvegur 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is +354 569 9600 cb@cb.is

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS
Fjármálaeftirlit


Páll Friðriksson
framkvæmdastjóri
markaðir og viðskiptahættir


Inga Dröfn Benediksdóttir
forstöðumaður
markaðir og viðskiptahættir